

Skorradalshreppur

Ársreikningur 2016

Skorradalshreppur  
Horni  
311 Borgarnes

kt. 600269-0709

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun hreppsnefndar og oddvita .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

## Skýrsla og áritun hreppsnefndar og oddvita

Ársreikningur Skorradalshrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 105,2 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 87,4 millj. kr.


Álagningarhlutfall útsvars var 12,44% en lögbundið hámark er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,50% sem er lögbundið hámark án álags. Í B-flokki var álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hámark án álags, en sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 11,5 millj. kr. en rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð sem nam 3,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2016 nam 67,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 83,9 millj. kr.

Ársreikningur Skorradalshrepps fyrir árið 2016 er tilbúin til endurskoðunar og afgreiðslu í hreppsnefnd.

Horni, 18. október 2018


Oddviti:



Ársreikningur Skorradalshrepps fyrir árið 2016 hefur hlotið afgreiðslu hreppsnefndar í samræmi við samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í hreppsnefnd.

Hvanneyri, 25. október 2018

Hreppsnefnd:



Astrídur Guðmundsd.

Jón E. Einarsson

Ólafur J. Þórnar

Pétur Davíðsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til hreppsnefndar Skorradalshrepps

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Skorradalshrepps fyrir árið 2016 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð hreppsnefndar og oddvita á ársreikningnum

Hreppsnefnd og oddviti eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber hreppsnefnd og oddvita að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun hreppsnefndar og oddvita á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum hreppsnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við hreppsnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu oddvita og hreppsnefndar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, 25. október 2018.

**KPMG ehf.**

Haraldur Óni Reynisson

## Rekstrarreikningur 2016

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2016	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
<b>Rekstrartekjur</b>							
Útsvar og fasteignaskattur .....	4	69.301	68.720	65.763	69.087	68.720	65.343
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	24	650	239	24	650	239
Aðrar tekjur .....	4	18.102	16.800	14.377	36.080	19.450	17.331
		<u>87.426</u>	<u>86.170</u>	<u>80.379</u>	<u>105.191</u>	<u>88.820</u>	<u>82.913</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	13.899	15.734	14.299	13.899	15.734	14.299
Annar rekstrarkostnaður .....		77.775	74.191	60.729	78.358	74.741	60.897
		<u>91.673</u>	<u>89.925</u>	<u>75.028</u>	<u>92.256</u>	<u>90.475</u>	<u>75.196</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....		( 4.247 )	( 3.755 )	5.352	12.935	( 1.655 )	7.717
Afskriftir .....	8	( 896 )	( 2.230 )	( 995 )	( 1.348 )	( 3.080 )	( 1.853 )
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....		( 5.143 )	( 5.985 )	4.356	11.587	( 4.735 )	5.864
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	1.831	1.728	1.530	( 85 )	693	( 1.356 )
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....</b>	<b>12</b>	<u>( 3.312 )</u>	<u>( 4.257 )</u>	<u>5.887</u>	<u>11.502</u>	<u>( 4.042 )</u>	<u>4.508</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2016	2015	2016	2015
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir, lóðir og jarðir .....		4.852	4.852	16.169	27.153
Vélar, áhöld og tæki .....		8.055	8.951	8.055	8.951
	8	12.907	13.803	24.224	36.103
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum .....	9	27.430	26.680	27.430	26.680
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	10	1.312	1.372	0	0
		28.743	28.053	27.430	26.680
Fastafjármunir		41.650	41.856	51.654	62.784
<b>Veltufjármunir</b>					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur .....	11	16.405	26.736	16.405	26.736
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		3.358	3.603	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....		8.478	10.556	8.478	10.556
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	10	101	106	0	0
Handbært fé .....	3i	41.185	25.037	41.185	25.037
Veltufjármunir		69.528	66.037	66.069	62.329
<b>Eignir samtals</b>		111.178	107.893	117.723	125.112

## 31. desember 2016

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2016	2015	2016	2015
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	12	83.895	87.207	67.484	55.982
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	13	0	0	22.621	47.372
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	13	0	0	335	682
Aðrar skammtímaskuldir .....		27.283	20.686	27.283	21.076
		27.283	20.686	27.618	21.758
Skuldir og skuldbindingar samtals		27.283	20.686	50.239	69.130
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		111.178	107.893	117.723	125.112

Skuldbindingar utan efnhagsreiknings ..... 15



# Sjóðstreymisyfirlit 2016

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2016	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	12	( 3.312 )	( 4.257 )	5.887	11.502	( 4.042 )	4.508
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	896	2.230	995	1.348	3.080	1.853
Verðbætur .....		( 31 )	0	( 27 )	581	950	950
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna .....		0	0	0	( 16.469 )	0	0
Veltufé (til) frá rekstri		( 2.447 )	( 2.027 )	6.855	( 3.038 )	( 12 )	7.311
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Önnheimtar tekjur, breyting .....		10.331	0	( 10.933 )	10.331	0	( 10.933 )
Aðrar skammtímakröfur, breyting .....		2.078	0	( 2.367 )	2.078	0	( 2.367 )
Skammtímaskuldir, breyting .....		6.597	0	262	6.207	0	262
		19.005	0	( 13.038 )	18.615	0	( 13.038 )
Handbært fé frá (til) rekstrar		16.559	( 2.027 )	( 6.183 )	15.577	( 12 )	( 5.727 )
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Söluverð rekstrarfjármuna .....	8	0	0	0	27.000	0	0
Eignarhlutur, breyting .....	9	( 750 )	0	0	( 750 )	0	0
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting.....		96	0	96	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		( 654 )	0	96	26.250	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting .....		245	0	( 295 )	0	0	0
Afborganir langtímalána .....		0	0	0	( 25.678 )	682	( 656 )
Fjármögnunarhreyfingar		245	0	( 295 )	( 25.678 )	682	( 656 )
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		16.149	( 2.027 )	( 6.382 )	16.149	670	( 6.383 )
<b>Handbært fé í årsbyrjun .....</b>		25.037	31.419	31.419	25.037	31.419	31.420
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		41.185	29.392	25.037	41.185	32.089	25.037

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Skorradalshreppur er sveitarfélag á Vesturlandi og var fjöldi íbúa þess 53 þann 1. desember 2016. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Horni í Skorradal.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningskilanna

Ársreikningur Skorradalshrepps árið 2016 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem fellur undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins er Leiguíbúðir.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söliverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

#### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir .....	40 ár
Vélar, áhöld og tæki .....	10 ár

#### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

#### g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

Reiknaðir eru 3,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

#### h. Önnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Önnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### i. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### j. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002, hefur áður verið gjaldfærð og er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur ekki leigutekjur af eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi utan þess sem keypt hefur verið frá árinu 2002.

#### k. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### l. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 15.

#### m. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða upphaflega fjárhagsáætlun en engir viðaukar voru samþykktir af hreppsnefnd vegna fjárhagsáætlunar 2016.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
<b>Útsvar og fasteignaskattar:</b>						
Útsvar .....	19.556	17.000	18.245	19.556	17.000	18.245
Fasteignaskattur .....	49.421	51.500	47.294	49.207	51.500	46.874
Lóðarleiga .....	324	220	224	324	220	224
	69.301	68.720	65.763	69.087	68.720	65.343
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Önnur framlög.....	24	650	239	24	650	239
	24	650	239	24	650	239
Skatttekjur samtals.....	69.325	69.370	66.003	69.111	69.370	65.582
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur.....	18.102	16.800	14.377	36.080	19.450	17.331
Rekstrartekjur samtals .....	87.426	86.170	80.379	105.191	88.820	82.913

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	11.574	13.055	11.893	11.574	13.055	11.893
Launatengd gjöld .....	2.325	2.679	2.406	2.325	2.679	2.406
Laun og launatengd gjöld samtals ....	13.899	15.734	14.299	13.899	15.734	14.299

	2016	2015
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	0	1
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	0	1
Ársverk.....	0,2	1
Laun og launatengd gjöld oddvita og hreppsnefndar.....	11.054	10.736

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur .....	894	1.138	918	894	1.138	918
Arður af eignum .....	774	400	399	774	400	399
Vaxtagjöld og verðbætur.....	( 96 )	( 10 )	( 32 )	( 1.753 )	( 845 )	( 2.673 )
Vextir frá eigin fyrirtækjum .....	259	200	246	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	1.831	1.728	1.530	( 85 )	693	( 1.356 )

## Skýringar, frh.:

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	69.164	69.150	65.853
Félagsþjónusta .....	( 1.867 )	( 2.110 )	( 1.540 )
Heilbrigðismál .....	( 34 )	( 35 )	( 38 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 21.782 )	( 27.575 )	( 17.772 )
Menningarmál .....	( 898 )	( 1.030 )	( 997 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 554 )	( 680 )	( 619 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 6.891 )	( 3.938 )	( 4.064 )
Hreinlætismál .....	( 1.451 )	1.132	1.339
Skipulags- og byggingarmál .....	( 10.862 )	( 12.046 )	( 11.303 )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 428 )	( 485 )	( 465 )
Umhverfismál .....	( 738 )	( 835 )	( 1.896 )
Atvinnumál .....	0	( 24 )	0
Framlög til B-hluta .....	( 3.162 )	( 35 )	( 32 )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 25.820 )	( 24.387 )	( 24.320 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	2.863	2.928	2.280
Aðalsjóður samtals .....	( 2.459 )	30	6.424
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	( 853 )	( 2.107 )	( 537 )
Innri færslur .....	0	( 2.180 )	0
A hluti samtals .....	( 3.312 )	( 4.257 )	5.887
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Leiguíbúðir .....	14.813	215	( 1.379 )
A og B hluti .....	11.502	( 4.042 )	4.508

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Jarðir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>A hluti:</b>				
Heildarverð 1.1.2016.....	7.365	3.482	18.717	29.563
Heildarverð 31.12.2016.....	7.365	3.482	18.717	29.563
Afskrifað 1.1.2016.....	( 5.994 )	0	( 9.766 )	( 15.760 )
Afskrifað á árinu .....	0	0	( 896 )	( 896 )
Afskrifað samtals 31.12.2016.....	( 5.994 )	0	( 10.662 )	( 16.656 )
Bókfært verð 1.1.2016.....	1.370	3.482	8.951	13.803
Bókfært verð 31.12.2016.....	1.370	3.482	8.055	12.907
Afskriftarhlutföll.....	0-2,5%	0%	10%	

	Fasteignir	Jarðir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>A og B hluti:</b>				
Heildarverð 1.1.2016.....	41.673	3.482	18.717	63.872
Selt á árinu.....	( 16.201 )	0	0	( 16.201 )
Heildarverð 31.12.2016.....	25.472	3.482	18.717	47.671
Afskrifað 1.1.2016.....	( 18.002 )	0	( 9.766 )	( 27.768 )
Afskrift færð út v/ sölu.....	5.670	0	0	5.670
Afskrifað á árinu .....	( 453 )	0	( 896 )	( 1.348 )
Afskrifað samtals 31.12.2016.....	( 12.784 )	0	( 10.662 )	( 23.446 )
Bókfært verð 1.1.2016.....	23.670	3.482	8.951	36.103
Bókfært verð 31.12.2016.....	12.687	3.482	8.055	24.224
Afskriftarhlutföll .....	0-2,5%	0%	10%	

#### c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2016:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	5.666	57.086
Fasteignamat.....	9.953	39.001

### 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Faxaflóahafnir sf.....	0,2216%	0,2216%	23.599	23.599
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	0,017%	0,017%	1.505	1.505
Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.....	0,63%	0,63%	1.000	1.000
Vélabær ehf.....	9,67%	9,67%	500	500
Sorpurðun Vesturlands hf.....	0,35%	0,35%	77	77
Þróunarfélag Grundartanga ehf.....	16,7%	16,7%	750	750
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals .....			27.430	27.430

## Skýringar, frh.:

### 10. Langtímakröfur á eigin fyrirtæki

	Langtíma- kröfur á eigin fyrirtæki
Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:	
Staða langtímakrafna í ársbyrjun .....	1.478
Verðbætur.....	31
Afborgun langtímakrafna á árinu .....	( 96 )
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	1.413
Næsta árs afborganir og gjaldfallnar afborganir.....	( 101 )
	<u>1.312</u>
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:	
Árið 2017.....	101
Árið 2018.....	101
Árið 2019.....	101
Árið 2020.....	101
Árið 2021.....	101
Afborgun síðar.....	909
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>1.413</u>

Reiknaðir eru 3,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

### 11. Skammtímakröfur

	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar tekjur greinast þannig:		
Óinnheimtar skatttekjur.....	9.274	9.274
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	7.131	7.131
Óinnheimtar tekjur í árslok .....	<u>16.405</u>	<u>16.405</u>
Niðurfærsla óinnheimtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:		
Niðurfærsla í ársbyrjun.....	14.315	14.315
Niðurfærsla, breyting á árinu .....	( 10.154 )	( 10.154 )
Niðurfærsla í árslok .....	<u>4.162</u>	<u>4.162</u>

### 12. Eigið fé

	A hluti	A og B hluti
Yfirlit um eiginfjárreikning:		
Eigið fé 1.1.2016.....	87.207	55.982
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð) .....	( 3.312 )	11.502
Eigið fé 31.12. 2016.....	<u>83.895</u>	<u>67.484</u>

### 13. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Verðtryggð lán	Samtals
<b>A og B hluti:</b>		
Langtímaskuldir í ársbyrjun .....	48.054	48.054
Afborganir af lánnum .....	( 25.678 )	( 25.678 )
Verðbætur og gengismunur .....	581	581
	<u>22.956</u>	<u>22.956</u>
Næsta árs afborgun .....	( 335 )	( 335 )
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>22.621</u>	<u>22.621</u>

## Skýringar, frh.:

### 13. Skuldir við lánastofnanir, frh.:

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A og B hluti
Árið 2017.....	335
Árið 2018.....	347
Árið 2019.....	360
Árið 2020.....	372
Árið 2021.....	386
Síðar .....	21.156
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	22.956

### Veðsetningar

Íbúðir í eigu leiguíbúða að bókfærðu virði 11,3 millj. kr. eru veðtryggðar fyrir skuldum að eftirstöðum 23,0 millj. kr. í árslok 2016.

### 14. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A-hluti .....	100%	111.178	27.283	83.895
Leiguíbúðir .....	100%	11.317	27.728 (	16.411 )
Millifærslur, innbyrðis staða .....		( 4.771 ) (	4.771 )	0
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok .....		117.723	50.239	67.484

### 15. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

#### Samstarfsverkefni

Sveitarfélagið er aðili að eftirtöldum stofnunum og samstarfsverkefnum:

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

- Faxaflóahafnir ehf.
- Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vesturlandi
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Fjölbautarskóli Vesturlands á Akranesi
- Hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð

Skuldbindingar vegna þessara verkefna eru ekki færðar í ársreikninginn.

#### Þjónustu- og verksamningar

Í árslok eru í gildi verk- og þjónustusamningar sem hafa í för með sér skuldbindingu fyrir sveitarfélagið á næstu árum. Samningarnir eru m.a. vegna fræðslumála, félagsmála, safnamála og brunavarna. Útgjöld vegna samninganna eru gjaldfærð á því tímabili sem til þeirra er stofnað og þjónustan veitt.

### 16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila ná eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 19. gr. sveitarstjórnarlaga.



## Skýringar, frh.:

### 17. Lykiltölur:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2016	2016	2015	2014	2013	2012
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlag:</b>						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	9.795	10.740	18.791	14.157	2.891	
Skuldaviðmið, skv. reglugerð* .....	*	*	*	*	*	*
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	( 4,4% )	( 4,9% )	6,7 %	9,1 %	5,9 %	0,9 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 4,9% )	( 3,8% )	7,3 %	10,0 %	6,3 %	1,6 %
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....	( 2,4% )	( 2,8% )	8,5 %	10,9 %	7,3 %	2,6 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	0,0 %	0,0 %	0,0 %	3,7 %	0,0 %	0,0 %
Skuldahlutfall.....	19 %	31 %	26 %	25 %	18 %	20 %
<b>Önnur hlutföll</b>						
Veltufjárhlutfall .....	2,67	2,55	3,19	2,88	3,35	2,58
Eiginfjárhlutfall .....	81,3 %	75,5 %	80,8 %	79,9 %	84,5 %	80,7 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar .....	19,7 %	22,4 %	22,7 %	22,0 %	23,5 %	19,4 %
Fasteignaskattur .....	59,8 %	56,5 %	58,8 %	55,2 %	56,3 %	49,7 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	0,8 %	0,0 %	0,3 %	0,4 %	1,3 %	9,0 %
Lóðarleiga.....	0,3 %	0,4 %	0,3 %	0,3 %	0,3 %	0,2 %
Skatttekjur samtals.....	80,5 %	79,3 %	82,1 %	77,9 %	81,3 %	78,3 %
Aðrar tekjur .....	19,5 %	20,7 %	17,9 %	22,1 %	18,7 %	21,7 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 18,3% )	( 15,9% )	( 17,8% )	( 10,4% )	( 8,5% )	( 9,1% )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 86,1% )	( 89,0% )	( 75,6% )	( 80,6% )	( 85,7% )	( 90,0% )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	( 4,4% )	( 4,9% )	6,7 %	9,1 %	5,9 %	0,9 %
Afskriftir .....	( 2,6% )	( 1,0% )	( 1,2% )	( 0,9% )	( 1,1% )	( 1,2% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	2,0 %	2,1 %	1,9 %	1,9 %	1,6 %	1,9 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 4,9% )	( 3,8% )	7,3 %	10,0 %	6,3 %	1,6 %

\* Skuldaviðmið skv. reglugerð nr. 502/2012, skuldaviðmið er ekki reiknað þegar hreint veltufé er umfram skuldir.

## Skýringar, frh.:

### 17. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2016	2016	2015	2014	2013	2012
<b>Í þúsundum krónum á íbúa:</b>						
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	1.309	1.308	1.245	1.039	1.057	1.107
Aðrar tekjur .....	317	342	271	295	243	307
Laun og launatengd gjöld .....	( 297 )	( 262 )	( 270 )	( 138 )	( 110 )	( 129 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 1.400 )	( 1.467 )	( 1.146 )	( 1.075 )	( 1.114 )	( 1.272 )
Afskriftir.....	( 42 )	( 17 )	( 19 )	( 13 )	( 15 )	( 17 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	33	35	29	25	20	26
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) .....	( 80 )	( 62 )	111	134	82	22
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	1.616	2.098	2.036	1.668	1.492	1.488
Eigið fé .....	1.314	1.583	1.645	1.333	1.261	1.200
Skuldir og skuldbindingar .....	302	515	390	335	231	288
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	( 38 )	( 46 )	129	146	95	37
Handbært fé frá rekstri.....	( 38 )	312	( 117 )	221	227	( 275 )
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	53	53	53	61	58	57

## Skýringar, frh.:

### 17. Lykiltölur:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2016	2016	2015	2014	2013	2012
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:</b>						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	7.539	23.083	13.940	7.849	( 5.239 )	( 10.266 )
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....	71%	11%	34%	41%	44%	49%
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	( 1,9% )	12,3 %	9,3 %	11,2 %	8,2 %	3,1 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 4,6% )	10,9 %	5,4 %	8,4 %	3,0 %	( 1,9% )
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....	( 0,0% )	( 2,9% )	8,8 %	10,9 %	7,5 %	2,6 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	0,0 %	0,0 %	0,0 %	3,6 %	0,0 %	0,0 %
Skuldahlutfall.....	71 %	48 %	83 %	82 %	79 %	76 %
<b>Önnur hlutföll</b>						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri mælt í árum .....	0,00	( 7,45 )	6,48	5,15	8,09	21,65
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....		( 0,12 )	11,14	14,15	9,47	3,71
Veltufjárhlutfall .....	0,68	2,39	2,86	2,58	2,91	2,32
Eiginfjárhlutfall .....	43,1 %	57,3 %	44,7 %	42,9 %	41,9 %	40,0 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar .....	19,1 %	18,6 %	22,0 %	21,3 %	22,8 %	18,9 %
Fasteignaskattur .....	58,0 %	46,8 %	56,5 %	53,1 %	54,3 %	48,0 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	0,7 %	0,0 %	0,3 %	0,4 %	1,3 %	8,7 %
Lóðarleiga.....	0,2 %	0,3 %	0,3 %	0,3 %	0,3 %	0,2 %
Skatttekjur samtals.....	78,1 %	65,7 %	79,1 %	75,1 %	78,6 %	75,8 %
Aðrar tekjur .....	21,9 %	34,3 %	20,9 %	24,9 %	21,4 %	24,2 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 17,7% )	( 13,2% )	( 17,2% )	( 10,0% )	( 8,2% )	( 8,9% )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 84,1% )	( 74,5% )	( 73,4% )	( 78,7% )	( 83,6% )	( 88,1% )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	( 1,9% )	12,3 %	9,3 %	11,2 %	8,2 %	3,1 %
Afskriftir .....	( 3,5% )	( 1,3% )	( 2,2% )	( 1,9% )	( 2,2% )	( 2,2% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	0,8 %	( 0,1% )	( 1,6% )	( 0,9% )	( 3,0% )	( 2,8% )
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 4,6% )	10,9 %	5,4 %	8,4 %	3,0 %	( 1,9% )

## Skýringar, frh.:

### 17. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2016	2016	2015	2014	2013	2012
<b>Í þúsundum krónum á íbúa:</b>						
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	1.309	1.304	1.237	1.032	1.054	1.100
Aðrar tekjur .....	367	681	327	343	287	351
Laun og launatengd gjöld .....	( 297 )	( 262 )	( 270 )	( 138 )	( 110 )	( 129 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 1.410 )	( 1.478 )	( 1.149 )	( 1.082 )	( 1.120 )	( 1.278 )
Afskriftir.....	( 58 )	( 25 )	( 35 )	( 27 )	( 30 )	( 32 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	13	( 2 )	( 26 )	( 12 )	( 40 )	( 41 )
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) .....	( 76 )	217	85	116	41	( 28 )
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	2.088	2.221	2.361	1.968	1.829	1.846
Eigið fé .....	899	1.273	1.056	844	766	738
Skuldir og skuldbindingar .....	1.189	948	1.304	1.124	1.063	1.108
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	( 0 )	( 57 )	138	150	101	37
Handbært fé frá rekstri.....	( 0 )	294	( 108 )	225	239	( 277 )
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	53	53	53	61	58	57

## Skýringar, frh.:

### 17. Lykiltölur, frh.:

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2016	%	2015	%	2014	%
Aðalsjóður:						
Skatttekjur .....	69.164	100,0%	65.853	100,0%	63.212	100,0%
Félagsþjónusta .....	( 1.867 )	( 2,7% )	( 1.540 )	( 2,3% )	( 2.129 )	( 3,4% )
Heilbrigðismál .....	( 34 )	( 0,0% )	( 38 )	( 0,1% )	( 34 )	( 0,1% )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 21.782 )	( 31,5% )	( 17.772 )	( 27,0% )	( 20.445 )	( 32,3% )
Menningarmál .....	( 898 )	( 1,3% )	( 997 )	( 1,5% )	( 758 )	( 1,2% )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 554 )	( 0,8% )	( 619 )	( 0,9% )	( 835 )	( 1,3% )
Brunamál og almannavarnir .....	( 6.891 )	( 10,0% )	( 4.064 )	( 6,2% )	( 4.311 )	( 6,8% )
Hreinlætismál .....	( 1.451 )	( 2,1% )	1.339	2,0%	1.771	2,8%
Skipulags- og byggingarmál .....	( 10.862 )	( 15,7% )	( 11.303 )	( 17,2% )	( 9.106 )	( 14,4% )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 428 )	( 0,6% )	( 465 )	( 0,7% )	( 349 )	( 0,6% )
Umhverfismál .....	( 738 )	( 1,1% )	( 1.896 )	( 2,9% )	( 988 )	( 1,6% )
Atvinnumál .....	0	0,0%	0	0,0%	( 28 )	( 0,0% )
Framlög til B hluta .....	( 3.162 )	( 4,6% )	( 32 )	( 0,0% )	( 32 )	( 0,1% )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 25.820 )	( 37,3% )	( 24.320 )	( 36,9% )	( 19.477 )	( 30,8% )
Fjármunatekjur og fjármagns- gjöld .....	2.863	4,1%	2.280	3,5%	2.341	3,7%
Aðalsjóður samtals	( 2.459 )	( 3,6% )	6.424	9,8%	8.833	14,0%
<b>Aðrir sjóðir í A hluta:</b>						
Eignasjóður .....	( 853 )	( 1,2% )	( 537 )	0,8 %	( 668 )	1,1 %
A hluti samtals	( 3.312 )	( 4,8% )	5.887	10,6 %	8.165	15,0 %